

verið bundin þeim skildaga, að hann fengi aktíubrjef í gufubát, auðvitað með þeim rjettindum, er slíkt brjef veitir; og með því stefndi ekki fjekk slíkt brjef, verður að álíta, að hann eigi heimtingu á að fá fje sitt aptur hjá áfrýjanda með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúarmán.

Nr. 49/1892.

Híð opinbera  
gegna

Þorsteini Helgasyni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn kærði Þorsteinn bóndi Helgason frá Presthúsum á Kjalarnesi dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku í Reykjavík í 10 kr. sekt, að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og að hálfu til fátækranefndarinnar þar, svo og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir skýrslum málsins flutti kærði hingað til

Reykjavíkur í haust til að stunda sjó, og um sama leyti kom kona hans hingað og 4 börn, og áttu börnin að vera við nám hér í bænum í vetur, en móðir þeirra að þjóna þeim og matreiða fyrir þau. Kærði leigði húsnæði hér handa sjer og þessari fjölskyldu sinni, og var seztur þar að, þegar mál þetta var höfðað gegn honum.

Kærði kom hingað til bæjarins frá Presthúsum á Kjalarnesi, en fyrir þeirri jörð hefur hann byggingu þetta fardagaár, og heldur hann þar áfram búskap eptir sem áður og hefur þar vinnumann til að hirða fjeað að sinn þar. Kærði hefur ekki flutt með sjer til Reykjavíkur annað, en nokkurn matarforða handa sjer og fjölskyldu sinni til vetrarins, og eptir vottorði hlutaðeigandi hreppsnefndar og prests, sem fram hafa verið lögð í yfirjettinum, er hann talinn búsettur á Presthúsum þetta fardagaár, og geldur þar til allra stjetta.

Það þykir eigi eptir þessum málavöxtum nægilega sannað gegn neitun kærða, að hann hafi yfirgefið hið fyrra heimili sitt á Kjalarnesi og flutt búferlum til Reykjavíkur eða tekið sjer þar fasta hólfestu, en þetta útheimtist til þess, að hann geti álitizt hafa setzt hér að í húsmennsku. Það virðist því eigi rjett að svo vöxnu máli, að dæma kærða fyrir ólöglega húsmennsku hér í bænum, og ber því að sýkna hann af kæru hins opinbera í málinu. Málskostnað allan ber að greiða at almannaþje, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og veijanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

## Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þorsteinn Helgason, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28 1892.

Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson,  
Eiríkur Ketilsson og  
Magnús Magnússon  
gegn  
Oddi V. Gíslasyni.

## Dómur:

Hinn 26. ágústmánaðar 1890 fannst dauður hvalur á floti fyrir utan Grindavík, og var hann af þeim sem fundu hann róinn í land á Járngerðarstöðum; hvalurinn var óskemmdur og 25 álnir að lengd milli skurða. Áfrýjendurnir, sem eru fyrirsvarsbændur á Járngerðarstöðum, ljetu skera hvalinn og skiptu honum í 3 hluti jafna: uppróðrarhlut til flutningsmanna, landshlut og skurðarhlut. Var þannig farið með hvalinn sem flutningshval eptir fyrirmælunum í 7. kap. J.bókar Rb. Hinn stefndi, sem hefur haldið því fram, að hvalurinn væri rekahvalur, taldi skipti þessi ólögæt, og áleit, að það bæri að skipta hvalnum þannig:  $\frac{1}{3}$  hluta til uppróðrarmanna, en af hinum  $\frac{2}{3}$  hlutunum einum fjórðungi til Skálholts- og Staðarkirkju til jafna skipta, ein-